

9. verkefni 09mannfjöldi

Skoðið gagnasafn Hagstofu Íslands um mannfjöldann: *Íbúar – Mannfjöldi – Yfirlit Ársfjórðungstölur – Mannfjöldi eftir sveitarfélögum, kyni, ríkisfangi og ársfjórðungum*

- Hversu margir íbúar voru á höfuðborgarsvæðinu á 1. ársfjórðungi ársins 2016?
- Hversu margir bjuggu í Reykjavík?
- Hversu margir íbúar voru á landsbyggðinni á 1. ársfjórðungi ársins 2016?
- Hver voru fimm fjölmennustu sveitarfélögin á landsbyggðinni og hversu margir bjuggu þar?
- Hver voru fjögur fámennustu sveitarfélögin og hvað bjuggu margir þar?
- Hve stór hluti íbúa höfuðborgarsvæðisins voru erlendir ríkisborgarar.
- Hvort bjuggu fleiri konur eða karlar á landinu?
- Skoðið þessar tölur fyrir höfuðborgarsvæðið.
- Skoðið manntal frá árinu 2011 og finnið tölur yfir menntun. Hvort voru fleiri karlar eða konur með háskólapróf?

Vistið Excel-skránnar undir lýsandi heitum.

Getið heimilda í öll gögn sem sótt eru.

Verkefni: Berið saman mannfjölda á Íslandi á 4. ársfjórðungi árin 2010–2015.

Berið saman íslenska og erlendara ríkisborgara alls á 4. ársfjórðungi árin 2010–2015.

1. Útlitsmótið hólf og útbúið myndrit að eigin vali.
2. Skrifðu stuttan texta í Word-skjalið (4–5 setningar) með lýsandi texta um hvað myndritið sýnir.
3. Afritið myndritið með tengingu á milli forritanna.

